

109. fundur í stjórn Menningarfélagsins Bergs ses.

Haldinn í Bergi þriðjudaginn 11. janúar 2022. Fundur hófst kl. 11:00.

Mætt: Freyr Antonsson, formaður, Dóróþea Reimarsdóttir, Þórhalla Karlsdóttir, Jóhann Már Kristinsson nýráðinn framkvæmdastjóri Menningarhússins Bergs og Björk Hólm Þorsteinsdóttir fráfarandi forstöðumaður Menningarhússins Bergs.

#### Dagskrá:

- 1. Framkvæmdastjóraskipti.** Jóhann boðinn velkominn til starfa og Björk þökkuð vel unnin störf.
- 2. Rekstur kaffihússins.** Ræddar voru umsóknir og fyrirspurnir sem borist hafa. Jóhanni falið að svara þeim og fylgja þeim eftir í samræmi við umræður á fundinum.
- 3. Starfið framundan.** Á næstu dögum kemur upp sýning á völdum listaverkum í eigu Dalvíkurbyggðar sem stendur til loka febrúar. Í mars verður árleg sýning á verkum sem verða til í samstarfi Byggðasafnsins Hvals og barnanna á Krílakoti. Apríl er ennþá laus til sýningarhalds en búið er að bóka flesta aðra mánuði ársins. Lítilsháttar bókanir liggja fyrir vegna veisluhalda. Hvað tónleika varðar er ennþá stefnt að Klassík í Bergi 19. febrúar n.k.
- 4. Framtíðarsýn og áherslur frá nýjum framkvæmdastjóra.** Ýmislegt kom fram í máli Jóhanns, m.a. áhersla á að koma á stöðugleika í rekstri kaffihússins, áhugi fyrir að bjóða upp á nýjungar sem höfða til yngri kynslóðarinnar s.s. tónlistarmenn, fá inn fjölbreytta fyrirlestra og að þrjóna gjarnan í kringum hina ýmsu viðburði. Hugmyndir komu fram um tengsl við t.d. rafíþróttir, vetrarírþróttir o.s.frv. Ákveðið að heimasíðan verði uppfærð og kannað með miðasölukerfi þar í gegn, Jóhanni falið að skoða möguleikana frekar. Formaður lagði til að gert yrði ársyfirlit yfir tímasetningu fastra viðburða og öðru síðan púslað inn í það. Framkvæmdastjóra falið að setja slíkt upp og leggja fyrir næsta fund stjórnar.
- 5. Fjárhagsstaða.** Björk fór yfir stöðu síðasta árs. Engar athugasemdir komu fram. Á næstu dögum verða lögð drög að fjárhagsáætlun ársins 2022 og þau lögð fyrir næsta stjórnarfund.
- 6. Samningar við Dalvíkurbyggð.** Eftir er að ganga frá árlegum styrktarsamningi fyrir þetta ár.
- 7. Önnur mál.**

Þórhalla fór af fundi kl. 12:55.

  - a) Jóhann ræddi mikilvægi þess að húsið eignist myndavél og ræddi þau tækifæri sem myndu líka skapast með upptökubúnað. Honum falið að kanna kostnað og leggja fyrir næsta fund. Ljósabúnaður þarfnast líka endurnýjunar. Í tengslum við þetta var rætt um mögulega samnýtingu á búnaði milli félaga og stofnana sveitarfélagsins (deiliahagkerfi).
  - b) Starfslýsing nýs framkvæmdastjóra er í vinnslu og stefnt að því að hún verði lögð fyrir næsta fund.

Fundi slitið kl. 13:15.